

# GJALDSKRÁ

## Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

### II. KAFLI

#### 3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### Orka og vatnsmagn H490

*Til hitunar á íbúðarhúsnæði.*

|               |                  |
|---------------|------------------|
| Fastagjald    | 11 010,00 kr/ári |
| Orkugjald     | 2,33 kr/ári      |
| Rúmmetragjald | 20,74 kr/ári     |

Niðurgreiðsla ákveðin af iðnaðarráðuneytinu er kr. 0,56 á kWh og greiðist vegna allt að 40 000 kWh á ári, og að auki er veittur sérstakur afsláttur vegna sömu notkunar og er hann 0,26 kr/kWh.

#### Orka og vatnsmagn H499

*Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.*

|               |                         |
|---------------|-------------------------|
| Fastagjald    | 11 010,00 kr/ári        |
| Orkugjald     | 2,33 kr/ári             |
| Rúmmetragjald | 20,74 kr/m <sup>3</sup> |

#### Vatnsmagn I 480

*Orkubúinu er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.*

|               |                          |
|---------------|--------------------------|
| Fastagjald    | 11 010,00 kr/ári         |
| Rúmmetragjald | 108,00 kr/m <sup>3</sup> |

#### Orka H498

*Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti til þeirra er nota meira en 400.000 kWh/ári*

|               |                  |
|---------------|------------------|
| Fastagjald    | 11 010,00 kr/ári |
| Orkugjald     | 1,51 kr/kWh      |
| Rúmmetragjald | 13,50 kr/kWh     |

#### Hemill 1489.

*Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla. Orkubúið stillir hemil að ósk notanda og gildir hæsta stilling í eitt ár frá 1. september til 31. ágúst.*

|                  |                  |
|------------------|------------------|
| Fastagjald       | 11 010,00 kr/ári |
| Mínútulítragjald | 2 040,00 kr/mán. |

Orkuubú Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við orkuubúið.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september – 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkuubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjaldldaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimtaugagjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkuubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 840,00.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 680,00.

Heimilt er Orkuubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkuubús Vestfjarða hverju sinni.

### III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkuubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkuubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkuubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. janúar 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 155, 20. mars 1989.

*Íðnaðarráðuneytið, 27. desember 1989.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Elsabet Sigurðardóttir.*